



Kirkjubæjarklaustur

Upplifunarhönnun

Gagarín ehf.
Landslag ehf.
Mars 2025

Yfirlit

3	Inngangur
5	Markmið
6	Hönnunin
7	Landslagshönnun
9	Eldvatn
10	Brúin
12	Svæðið
13	Áskoranir og tækifæri
14	Gönguleiðir
17	Leiðarlýsing
18	Leiðin yfir Skaftá
21	Miðsvæðið
23	Innbærinn
24	Systrafoss
27	Systravatn
30	Kamburinn
32	Gljúfrið
33	Stjórnarfoss
34	Kirkjugólfíð
35	Útlit
37	Innsetningar
42	Upplýsingamiðlun
45	Sýning
38	Dæmi um sýningaratriði
42	Hönnarteymið





Inngangur

Kirkjubæjarklaustur er einn fjölsóttasti ferðamannastaður á Íslandi og ekki síst hjá íslendingum sjálfum.

Bærinn er þekktur fyrir einstaka fegurð, en ekki síður fyrir sögu sína, þar sem náttúra og andlegir risar hafa leikið lykilhlutverk.

Nú eru uppi áform um að hanna útisýningu og gönguleiðir til að miðla sögu svæðisins og gera upplifun gesta enn ríkari en nú er.

Í þessu skjali er farið yfir verkefnið í heild sem unnið var í nánú samstarfi við Einar K. Jónsson sveitarstjóra Skaftárhrepps, Vatnajökulspjóðgarð og Lilju Magnúsdóttur rithöfund.



Markmið

Kirkjubæjarklaustur er einstaklega fallegur staður í hjarta Skaftárhrepps, umlukið stórbrotnu landslagi mótuðu af náttúruöflunum. Eldgos, jökulhlaup og veðurfarsbreytingar hafa sett sinn svip á svæðið í árþúsundir og skapað einstakt umhverfi.

Þó enn megi greina minjar mannvistar í gegnum aldirnar, þá eru þær lítt sýnilegar vegna forgengileika íslenskrar byggingarhefðar.

Söguspor fólksins er því að stórum hluta horfið þrátt fyrir 1150 ára sögu.


Verkefni þessu er ætlað að draga söguna fram á nýjan leik í gegnum áhugaverðar upplifanir á Klaustri.

Markmið verkefnisins er að:

1. Hanna fræðslustíga sem teygja sig á fegurstu og áhugaverðustu staðina á Klaustri
3. Opna augu fólks fyrir einstakri sögu Klausturs
4. Bæta aðgengi gesta að náttúruperlum innan bæjarins
5. Gera “miðsvæði” Klausturs að einstökum áfangastað

Heimsókn til Kirkjubæjarklausturs á að vera jafnmikil upplifun á vetrum sem sumrum, svo gestir geti notið fegurðar og sögu svæðisins allan ársins hring.





HÖNNUNARNÁLGUN

Hönnunin

Aðstandendur Skaftárhrepps hafi ráðið öflugan hóp hönnuða til verkefnisins. Þau vinna á sviði áfangastaðahönnunar, landslagshönnunar, sýningarhönnunar og margmiðlunar.

Hönnunarferillinn hófst í desember 2024 og hafa fulltrúar hópsins farið í vettvangsferð til að skoða aðstæður og eiga fundi með sveitastjóra og fulltrúa Vatnajökulspjóðgarðs og handritshöfundu.

Framangreint hefur verið lagt til grundvallar í hugmyndahönnuninni, sem skjal þetta nær til, og er fyrsti áfangi verkefnisins (konsept fasi).



Landslagshönnun

Landslagshönnun svæðisins byggir á virðingu fyrir náttúrunni, umhverfinu og sögunni. Markmiðið er að styðja við og styrkja sérkenni staðarins með vandaðri hönnun og skipulagi, sem fellur að umhverfinu án þess að skyggja á stórbrotna fegurð þess.

Landslagshönnun



Með því að skilgreina stíga og gönguleiðir á svæðinu er stuðlað að náttúruvernd því þannig fer aukinn fjöldi ferðamanna síður um ósnortna náttúruna og heldur sig að mestu á skilgreindum leiðum. Einnig stuðla góðir stígar að auknu öryggi ferðamanna og betra aðgengi.

Náttúrulegar grjóthleðslur og steinlagnir verða gegnumgangandi þema í hönnuninni umhverfis byggingar, á áningarstöðum og víðar og er þar vísað í gamla íslenska arfleið.

Gert er ráð fyrir nokkrum áningarstöðum þar sem gestir geta sest niður og notið tímans í einstöku umhverfi.

Lýsing mun skipa mikilvægan sess í að “teikna upp” valdar leiðir, en hún skal vera hófleg og í sátt við umhverfið, því lýsing á ekki að skerða gæði myrkurs, sem er mikilvæg auðlind í tengslum við myrkratengda ferðaþjónustu sem nýtur síaukinna vinsælda.

Eldvatn



Kirkjubæjarklaustur er einstakur bær sem birtist gestum eins og perla eftir að þeir hafa farið um svarta sanda og úfin hraun.

Upplifun ferðalanga mun hefjast við Eldvatnið þar sem nýja brúin verður lýst upp eins og fagurt manngert listaverk í náttúrunni.

Lýsingin mun taka stöðugum breytingum eftir tíma dags og árstíma.



Brúin



Áhersla er lögð á að tryggja öryggi akandi vegfarenda með varfærinni lýsingu sem dregur ekki athygli ökumanna frá akstri eða skerðir sýn.

Lýsingin mun falla að lögun og efnisvali brúarinnar og stuðla að fallegri ásýnd hennar.

Stefnuvirkir kastarar munu lýsa upp meðfram strengjum hennar og upp í brúarbogann innanverðan.

Niðurstaðan verður róleg og falleg lýsing sem styður við upplifun ferðamanna.





Svæðið



Í samtali við náttúru og sögu

Þegar til Klausturs er komið verða gestir leiddir í nýtt og spennandi gönguferðalag á nýjum stígum sem fræða og skemmta með óvenjulegum uppsetningum, áfangastöðum og miðlun.

Upplifunin verður hönnuð af mikilli virðingu fyrir þessu fallega umhverfi í samtali við náttúruna í kring.



Áskoranir & tækifæri

Kirkjubæjarklaustur er viðkvæmt svæði, einkum innbærinn. Mikilvægt er að stýra umferð þannig að náttúra og saga staðarins fái að njóta sín án utanaðkomandi truflana.

Lagt er til að gestum á bílum og rútum verði beint að nýrri Gestastofu Vatnajökulspjóðgarðs, þar sem nægt pláss er til staðar.



Þar geta ferðalangar hafið heimsóknina í nýrri sýningu þjóðgarðsins og fræðst um náttúrufar svæðisins.

Að henni lokinni er þeim vísað yfir nýja brú yfir Skaftá, sem mun leiða gesti inn á nýtt göngustígakerfi í bænum.

Þar bíður þeirra einstök upplifun og fersk sýn á Kirkjubæjarklaustur.



Gönguleiðir



Göngustígar

Nýja göngustígakerfið mun liggja sem leið að áhugaverðustu stöðum Kirkjubæjarklausturs. Leiðirnar verða sem hér segir:

- Leiðin yfir Skaftá
- Miðsvæði/Minjagarður
- Innbærinn
- Systravatn
- Fjallskamburinn
- Gljúfrið við kambsendann
- Stjórnarfoss
- Kirkjugólfrið

Við hverja leið verða sett upp fræðsluskilti og upplýsingastöðvar, þar sem gestir geta fengið fróðleik um svæðið á meðan þeir njóta göngunnar.

Upplýsingarnar verða bæði gagnvirkar og hefðbundnar og munu opna nýja sýn á sögu staðarins og náttúruna – með það að markmiði að koma gestum skemmtilega á óvart.




Göngu- og hjólastígar

Skipulag svæðisins mun byggja á heildstæðu göngustígakerfi, þar sem meginleiðir tengjast minni gönguleiðahringjum á náttúrulegan hátt.

Aðalhringleið fyrir gangandi og hjólandi verður breið og malbikuð, hönnuð með öryggi og þægindi í huga.

Náttúrustígar verða einkum úr mól, en sums staðar geta þeir verið malbikaðir til að bæta aðgengi.





Leiðarlýsing

Lýsing stíganna verður hönnuð með það að leiðarljósi að tryggja öryggi gesta án þess að raska náttúrulegu myrkri. Ljósgeifar munu beina birtu niður á stíga og mannvirki á mildan og hófstílltan hátt, til að draga úr ljósmengun og truflun á lífríki svæðisins.

Sérstök áhersla verður lögð á að forðast lýsingu á vatnsfleti og tryggja að hún falli vel að landslagi og efnisvali stíganna. Lýsingin verður stýranleg og aðlöguð að raunverulegri þörf hverju sinni.





Leiðin yfir Skaftá

Gönguleiðin hefst við Gestastofu og liggur yfir nýja brú yfir Skaftá, áfram að skólasvæðinu og þaðan að Miðsvæðinu / Minjagarði.

Á leiðinni fræðast gestir um sögu staðarins og hvernig náttúruöflin hafa mótað samfélagið.

Framkvæmd:

- Brú yfir Skaftá
- Nýtt útlit á brú samkvæmt hönnunarstaðli verkefnis
- Gönguleið að Miðsvæði/Minjagarði
- Skilti



Upplýsingamiðlun:


Kirkjubæjarklaustur – Sögustaðurinn

Samgöngur – Sveitin milli sanda

Skaftárhlaup – Skaftárvatlar og áhrif hlaupanna








Miðsvæðið

Miðsvæði bæjarins verður mótað sem skjólgott og sólríkt fræðslu- og dvalarsvæði sem mun laða að sér bæði íbúa og gesti. Svæðið verður hannað með það í huga að gestir geti komið aftur og aftur og notið afslappaðrar stemningar í fallegu umhverfi.

Til að tryggja gott aðgengi verður bílastæði byggt upp vestast á svæðinu, með aðkomu frá Klaustursvegi. Fyrir framan kirkjugarðshliðið verður rúmgóð og vönduð stétt þar sem gestir geta numið staðar, lesið á kynningarskilti og dregið andann djúpt áður en þeir ganga inn í garðinn.

Gönguleiðin hefst við kirkjugarðshliðið og býður gestum upp á áhrifaríka upplifun þar sem fjöldagrafir, minnisvarðar og legsteinar mynda sterka tengingu við sögu staðarins – með Kirkjunni í bakgrunni.

Þegar gengið er út úr kirkjugarðinum tekur á móti gestum hljómur kirkjuklukku, Kirkjutorg og glæsileg framhlið Kirkjunnar. Þaðan liggur göngustígur inn á minjasvæðið, að Klaustursgrunninum og út á torgsvæði sem staðsett er austast á svæðinu.



Miðsvæðið

Á austurhluta svæðisins er gert ráð fyrir að endurbyggja „gömlu skólahúsin“, sem munu hýsa sýningar, þjónustu, upplýsingamiðstöð, kaffihús og salerni.

Til suðurs við skólahúsin verður sólríkt og skjólgott torg með gosbrunni, bekkjum og dvalarsvæði – fullkominn staður til að njóta kyrrðarinnar og fegurðarinnar í bænum.

Hringnum verður lokað með göngustíg sunnan við Kirkjuna, sem leiðir gesti niður að göngustígakerfinu og aftur að bílastæðunum.





Innbærinn

Innbærinn er töfrandi staður, eða eins konar hreiður sem faðmar gesti sína og umlykur þá með kyrrð og sögu. Gamlar sjarmerandi byggingar ramma svæðið af, með Systrafoss og skógræktina í bakgrunni.


Framkvæmd:

- Gönguleið upp á kambinn uppfærð
- Skilti
- Helluleggja götu og gera að 'göngugötu - privatvegi'

Upplýsingamiðlun:

Klausturbærinn – og framfarir
 Rafstöðin – og byltingin sem hún olli
 Burstabærinn – glæsihús byggt 1884
 Erró og Kjarval
 Stóri steinn – og móbergið
 Skógurinn í Innbæ – og hæsta tré Íslands







Systrafoss

Til að gera Systrafoss enn sýnilegri og aðlaðandi verður hugað að faglegri grisjun á hærri trjám og gróðri í nágrenni fossins. Áhersla verður lögð á að vinna af virðingu fyrir náttúrunni og tryggja að fossinn njóti sín sem stórbrotinn og aðgengilegur áfangastaður.

Skógarstígur mun leiða gesti að Systrafossi og hæsta tré Íslands, en einnig verður lagður tröppustígur upp að Systravatni með vel staðsettum áningar- og útsýnisstöðum.

Fyrir þá sem ekki treysta sér í göngu upp á brún verður engu að síður hægt að upplifa stórbrotna fegurð Systrafoss.

Dvalarsvæði, minni áningarstaðir og skógarhringleið að hæsta tré Íslands mun skapa kyrrlátt og aðgengilegt svæði þar sem gestir geta notið náttúrunnar.





Nestisaðstaðan og dvalarsvæðin neðan við fossinn verða endurnýjuð og uppfærð til að skapa notalegt umhverfi fyrir gesti. Tröppustígurinn upp með fossinum verður endurbættur og lagfærður, þannig að hann leiði gesti örugglega upp á brún.

Á leiðinni verður áningarstöðum og útsýnisstöðum fjölgað og þeir endurgerðir, svo gestir geti numið staðar, notið útsýnisins og upplifað stórbrotna náttúrufegurð svæðisins í rólegu og fallegu umhverfi.





Systravatn

Systravatn er kyrrlát vatnsperla, tengd fornum sögnum um nunnurnar sem bjuggu í klaustrinu. Vatnið er enn uppistöðulón fyrir smávirkjun á Klausturbænum og þar stendur útilistaverkið “Gullmolinn”.

Framkvæmd:

- Gönguleið umhverfis vatnið
- Skilti

Upplýsingamiðlun:


Baðlón - Vatnið og klaustur systurnar

Miðlunarlón - Rafvæðing Klausturs

Túrbínur úr strandgóssi - Skaftfellingar frumkvöðlar í rafvæðingu á Íslandi

Gullmolinn – Minning um orkuframleiðslu bænda





Systravatn


Frá Systrafossi mun skógartröppustígur leiða gesti upp að Systravatni, þar sem þeir geta notið kyrrðar og náttúrufegurðar svæðisins.


Tveggja kílómetra náttúrugöngustígur verður lagður umhverfis Systravatn og mun hann liggja í mjúkum hlykkjum við vatnið. Á leiðinni verða falleg náttúruleg útskot með dvalarsvæðum, bekkjum, brúm og bryggjum.

Bryggjustígar munu gefa gestum tækifæri til að komast nær vatninu, njóta þess í kyrrðinni eða stinga sér til sunds.

Við vatnið verður aðstaða fyrir skiptiaðstöðu, auk mögulegrar uppbyggingar á grillskýli, skjólskýli og nestisaðstöðu.

Til að auka skjól og skapa fjölbreytt og hlýleg dvalarsvæði verður gróður settur niður meðfram stígunum á náttúrulegan og óreglulegan hátt.





Kamburinn

Fjallakamburinn – Á kabinum eða “Ástarbrautinni” opnast víðfeðmt útsýni yfir sveitina, allt til Hvannadalshnjúks. Hér fær gesturinn einstakt sjónarhorn á fegurð sveitarinnar.

Framkvæmd:

- Gönguleið eftir kabinum
- Gróðursetja á völdum stöðum við stíga
- Áningarsskáli sem gefur gestum frábært útsýni frá vestri til austurs
- Gönguleið og tröppustígur niður að vegi / Geirlandsvegi að Stjórnarfossi
- Skilti

Upplýsingamiðlun:


Meðallandsfjara – stærsti skipakirkjugarður landsins

Sveitin – Kennileiti gerð sýnileg

Stjórnarsandur – Frá auðn til gróðurs

Áætlunarflug – Flugfélag Íslands og Loftleiðir á Klaustri





Gljúfrið

Gljúfrið við kambsendann – Við enda Ástarbrautarinnar opnast stórbrotið gljúfur sem minnir á Fjaðrárgljúfur. Hér verður byggð brú, sem tengir gönguleiðina áfram að Stjórnarfossi.

Framkvæmd:

- Brú yfir gljúfrið
- Gönguleið norðan við gljúfur að Stjórnarfossi

Upplýsingamiðlun:

Ekki ákveðið



Stjórnarfoss

Stjórnarfoss er tignarlegur og friðsæll foss, kjörinn staður til hugleiðslu og upplifunar í nánum tengslum við náttúruna.

Framkvæmd:

- Gönguleið að fossi
- Áningarstaður fyri gesti til að setjast niður

Upplýsingamiðlun:

Ekki ákveðið



Kirkjugólfíð

Kirkjugólfíð er einstakt náttúruundur sem tengist þjóðsögum og sögu Kirkjubæjarklausturs.

Framkvæmd:




- Gönguleið frá fossi að kirkjugólfi og áfram að Miðsvæði/Minjagarði
- Gróðursetning í bakið / skjól / rými
- Skilti

Upplýsingamiðlun:

Kristið landnám og Hildishaugur
Stjórnarsandur – Frá svörtum sandi í gróið land
Baráttan við sandinn – (1886-1980)
Kirkjugólfíð – Náttúruundrið á Klaustri

Útlit

Efni & áferð



Virðing fyrir staðnum

Efni og útlit útisýningarnar munu kallast á við umhverfi hennar með því að nota byggingarefni sem nú þegar er að finna á svæðinu. Grjót, mosi, ryðjárn og viður munu þannig nýtt í miðlunina á þann veg að tilfinningin sé að sýningin hafi í raun staðið þarna í langan tíma.

Innsetningar

Innsetningar



Á völdum stöðum verða settar upp listrænar innsetningar sem grípa augað og leiða gesti áfram eftir gönguleiðinni.

Innsetning nr. 1

Fyrsta innsetningin verður á vegg íþróttahússins. Hann verður klæddur abstrakt listaverki sem vísar í hólana, heiðarnar, sandinn og ána.

Á bak við hverja einingu í klæðningunni verða stýranleg ljós sem skapa mjúka og ljóðræna hreyfingu á yfirborði hússins.

Þegar rökkva tekur verður lýsingin hluti af upplifuninni – birtist líkt og galdur úr myrkrinu og umbreytir byggingunni án þess að yfirskyggja umhverfið.



Innsetning nr. 2

Önnur innsetningin verður upplýst
útilistaverk eftir Erró. Verkið mun hafa sterkt
aðdráttarafl og laða gesti að Miðsvæðinu, þar
sem þeir fræðast um tvo fremstu listamenn
þjóðarinnar, Erró og Kjarval, sem báðir koma
frá Klaustri.



Innsetning nr. 3

Áhugi er á að gera stórt landlistaverk á Stjórnarsandi, sem aðeins sæist úr lofti eða af fjallskambinum. Verkið væri unnið úr náttúrulegum efnum s.s. Gróðri, grjóti, möl eða öðru, en slíkt verk gæti verið skemmtilegt samfélagsverkefni með skólum og/eða félagasamtökum á svæðinu.



Innsetning nr. 4

Tómir rammar verða settir upp á völdum stöðum þar sem gestir geta séð hvaða mótíf Kjarval notaði sem fyrirmynd í málverkum sínum. Með QR-kóða sjá gestir endanlegu útgáfu verksins í símunum sínum – eins og Kjarval málaði það.



Upplýsingamiðlun


Upplýsingamiðlun



Upplýsingaskilti

Leiðarstef upplifunarhönnunarinnar er að bjóða upp á nútímalega, lifandi og innihaldsríka miðlun sem virðir söguna og náttúruna.

Upplýsingaskilti verða sett upp á gönguleiðunum með hnitmiðuðum frásögnum sem seytla inn í meðvitund gesta á meðan þeir ganga eftir stígunum og njóta umhverfisins.




Miðlun



Þátttaka & tækni

Á völdum stöðum verða gagnvirkar stöðvar sem dýpka upplifunina og veita óvænta innsýn í sögu staðarins.

Stöðvarnar munu verða áþreifanlegar og með falinni tækni sem töfrar fram óvæntar upplifanir.



Sýning



Miðsvæðið




Hjarta Kirkjubæjarklausturs

Eins og á undan er rakið þá lítum við á Miðsvæði Klausturs sem nýjan og lifandi áfangastað. Þar mun upplýsingamiðlun verkefnisins rísa hæst.

Líkt og kastalar, kirkjur og torg mynda hjarta margra borga og bæja á meginlandinu, þá mun Miðsvæðið verða aðalaðdráttarafl Kirkjubæjarklausturs – staður þar sem saga og menning mætast á lifandi og upplýsandi hátt.

Á þessu sögufræga svæði stendur nú þegar kapella og gamall kirkjugarður, og við munum endurhanna svæðið með nærgætni, þannig að ómetanlegar minjar haldist óspilltar og sýnilegar, rétt eins og þær hafa varðveist í aldanna rás.



Miðsvæðið



Til að efla vægi og aðdráttarafl Miðsvæðisins sjáum við fyrir okkur að ramma það inn með hlöðnum veggjum og skapa þannig minjagarð sem kallar á gesti eins og klassísk torg gera í evrópskum bæjum.

Á austurhluta svæðisins verða tvö gömul kennsluhús sett upp (Múlakot og Herjólfstaðir), og verða þau nýtt sem upplýsinga- og sýningahús.

Umfjöllunarefnin á Miðsvæðinu verða sem fyrr segir um

- a. Líf og starfsemi í Klaustrinu
- b. Færslu gamla bæjarins vegna sandfoks
- c. Gömlu kirkjuna og Eldmessuna
- d. Skaftárelda og mannfallið (fjöldagrafir)
- e. Fremstu listamenn landsins, Erró og Kjarval, sem báðir slitu barnskónum á Klaustri.

Fallega hlaðnir stígar innan minjagarðsins munu leiða gesti frá einum stað til annars þar sem þau nema upplýsingarnar í áhugaverðum upplifunum.

Dæmi um Sýningaratriði



Sýningaratriði

Gömlu skólahúsin á Miðsvæðinu fá nýtt hlutverk sem sýningarhús. Annað þeirra verður innréttað sem "vinnustofa" Kjarvals, þar sem gestir geta fræðst um hann og listsköpun hans ásamt arftaka hans, Erró.

Í hinu húsinu verður fjölbreytt kynning á þeim báðum, með gagnvirkum sýningaratriðum sem vekja forvitni og áhuga.



Dæmi 1 “Púsl”

Á borði geta gestir sett saman útlínuteikningar af verkum Errós og Kjarvals. Þegar síðasta púsl af völdu verki fellur á sinn stað, birtist fullbúið málverkið fyrir framan gestinn ásamt upplýsingum um listaverkið og sögu þess (vörpun eða skjár).



Dæmi 2 “Fortíðar sjónauki”

Á völdum stöðum í Minjagarðinum verða settir upp kíkjar sem veita innsýn í fortíðina. Með því að líta inn í kíkjana geta gestir fært sjónarhornið frá nútímanum og aftur til:

- a. 1821 – Gamli bærinn fluttur vegna sandfoks
- b. 1783 – Kirkjan, Eldmessan og fjöldagrafir teknar
- c. 1350 – Klaustrið og starfsemi þess s.s. vefnaður, hjúkrun, handritsskrif og fleira

Allar senurnar sýna lifandi náttúru og lifandi fólk frá hverjum tíma.





Dæmi 3 “Sögur að handan”

Hljóð- eða/og myndleiðsögn eftir þremur ásum:

1. Nunnurnar, sem eitt sinn bjuggu á klaustrinu, leiða gesti um rústirnar með sögum sínum. Með GPS-staðsetningu tengist frásögnin gönguferðinni og færir gestum dýpri skilning á lífi og starfi kvennanna sem helguðu sig trúnni á þessum stað.
2. Jón Steingrímsson (eða samtímamaður) fer yfir afleiðingar Skaftárelda.
3. Jón Guðmundsson, alþingismaður og ritstjóri Þjóðólfs, leiðir frásögn um baráttuna við sandinn og um flutning Klaustur bæjarins vestur fyrir læk.





Hönnunarteymið

Hönnun verkefnisins er í höndum þverfaglegs teymis sérfræðinga úr ólíkum greinum, þar á meðal landslagsarkitektúrs, áfangastaðamótunar, sýningarhönnunar og margmiðlunar.

Með áratuga reynslu hafa þau hvert um sig unnið að fjölmörgum verðlaunuðum verkefnum og eru leiðandi á sínu sviði.

Landslag

Landslag er rótgróin og leiðandi teiknistofa á sviði landslagshönnunar og skipulags með mikla og breiða reynslu á öllum sviðum fagsins.

Markmið og hlutverk Landslags er að bæta umhverfi og samfélag með vönduðum, metnaðarfullum hugmyndum og hönnunarlausnum.



Gagarín

Gagarín er leiðandi hönnunarstofa í upplifunarsköpun og sérhæfir sig í að umbreyta upplýsingum og fræðslu í lifandi og eftirminnilegar sögur.

Með áratuga reynslu og skapandi hugmyndaflug hefur fyrirtækið hannað fjölda margverðlaunaðra sýninga og innsetninga um allan heim, þar sem tækni og sögur mætast á einstakan hátt.







© Copyrights

Þetta skjal er unnið af hönnunarteyminu og er ekki ætlað til frekari birtingar.
Rétturinn til að nota skjalið er takmarkaður við kynningu þess af teyminu fyrir ákvörðunar aðilum,
hagsmunaaðilum og öðrum í þeim tilgangi að hrinda verkefninu í framkvæmd. Efni þessa skjals er
höfundaréttarvarið.

Allar upplýsingar, hugmyndir og innihald skjalsins eru trúnaðarmál og má ekki afrita eða dreifa án samþykkis
hönnunarteymisins: Gagarín ehf. og Landslag ehf.
Undantekning frá þessu eru samskipti sem höfundar skjalsins þurfa að eiga vegna hvers kyns viðskiptasambanda.
Teymið leitaði ekki leyfis til birtingar ljósmynda annarra við gerð skjalsins. Öll afritun er því bönnuð.